LISTIR



BARBARA Westman: Fjöll í fjarska.

Leiðin til Reykjavíkur

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK BARBARA WESTMAN

Opið kl. 10-18 alla daga til 31. mars; aðgangur kr. 300; sýningarskrá kr. 900.

GÖMUL orðatiltæki eru þjóðinni tungutöm, einkum þegar kemur að ýmsum sannleikskornum tilverunnar sem koma upp aftur og aftur, og eru alltaf í fullu gildi þó tilbrigðin séu ný hverju sinni. Þannig hefur orðfærið um gestinn og glögga augað verið nærtækt þegar staðið er frammi fyrir ummælum eða niðurstöðum þeirra sem sótt hafa landið heim.

Þessi umtalaða glöggskyggni er líklega öðru fremur annað viðhorf til þess sem ber fyrir augu, annað mat á gildi þess sem landið býður upp á. Hellirigning og grámóska yfir hrauninu á Reykjanesi er ekki upplífgandi fyrir marga Íslendinga að loknu ferðalagi erlendis frá; fyrir gestinn getur slík sýn hins vegar verið sem opinberun, einkum þeim sem eru vanir gróskumeiri náttúru og skarpari skilum veðurs.

Þannig hefur farið fyrir bandarísku listakonunni Barböru Westman, þegar hún kom fyrst til Íslands á síðastliðnu hausti. Leiðin til Reykjavíkur varð henni kveikjan að þeirri listsköpun sem kemur fram í rúmlega tuttugu vatnslitamyndum í miðrými Kjarvalsstaða. Hér er að finna óvænt tök á viðfangsefninu sem eru þó í fullu samræmi við þann stíl sem listakonan hefur orðið þekkt fyrir í heimalandi sínu.

Barbara Westman vakti fyrst verulega athygli í upphafi áttunda áratugarins þegar hún gaf út bók með teikningum sínum frá háskólabænum Cambridge í útjaðri Boston í Massachusettsfylki. Með breiðum pensilstrokum og mjúkri formgerðinni gaf hún borginni bernskan og persónulegan svip sem átti mikinn hljómgrunn meðal íbúanna, enda voru myndir hennar lengi vel notaðar sem hluti af kynningarefni Boston-borgar. Á níunda áratugnum flutti hún til New York og fann þar list sinni einnig farveg mildi og persónuleika, sem aflaði henni mikilla vinsælda. Margir kannast eflaust við verk hennar úr hinu víðlesna tímariti *New Yorker*, sem hún málaði fyrir í rúman áratug.

Í örlitlum inngangi í sýningarskrá lýsir listakonan að nokkru þeim miklu áhrifum sem hún varð fyrir á sinni stuttu dvöl hér, og ákafinn og hrifningin yfir leiðinni til Reykjavíkur skín sterkt í gegn. Hún kom hingað með heimspekingnum og gagnrýnandanum Arthur C. Danto, sem var boðið til landsins til fyrirlestrahalds, en hann skrifar einnig lítið innlegg í skrána, þar sem er að finna hugleiðingar hans um með hvaða hætti list Barböru hefur þróast.

Hver einasta mynd hér kemur úr hugskoti listakonunnar, römmuð inn líkt og hún hafi orðið til í gegnum gluggann á rútunni frá flugvellinum. Margar byggja á sýn farþegans yfir hafið að þéttbýlinu á Innnesjunum, þar sem hvít kirkja rís sem tákn úti við sjóndeildarhringinn, eða fjöllin gnæfa yfir; aðrar tengjast þeirri litadýrð húsanna sem listakonan minnist frá þorpum og bæjum, og enn aðrar tjá fölskvalausa hrifningu hennar yfir regni, vindum og hverum, sem fremur má líkja við flugeldasýningar eða fögnuð náttúrunnar en þann kulda og trekk, sem landsmenn sjá helst á slíkum stundum.


Það sem þó dregur gestinn einna sterkast að þessum verkum Barböru er án efa litanotkun hennar. Hér eru ríkuleg blæbrigði purpuralitarins ráðandi, hvort sem er í bláma hafs eða himins; djúpir grænir og bláir litir mynda síðan lifandi andstæður við hvítan grunninn og bjarta liti húsanna, þar sem það á við. Þessi mikla litauðgi í mjúkri formgerðinni hefur verið eitt helsta einkenni verka listakonunnar til langs tíma, og reynist henta afar vel hér fyrir myndefni, sem hafa heillað hana gjörsamlega á fáeinum dögum.

Hér hefur orðið til samband sem listakonan á eflaust eftir að rækta frekar á komandi árum, eins og reyndin hefur orðið með fjölda listamanna, sem hingað koma og kynnast landinu á eigin forsendum. Fölskvalaus hrifningin sem hér birtist er óumdeilanleg, og því er líklegt að verk Barböru Westman nái einnig að heilla með sama hætti marga þá sem sjá þessa sýningu.

Eiríkur Þorláksson

AÐSENDAR GREINAR

Álögur á útivistarfólk – Sjónarmið einkaflugmanna



Þorkell Guðnason

GREIN með fyrirsögninni „Álögur á útivistarfólk“ birtist í Mbl. 15. mars sl. Höfundur hennar, Ólafur Sigurgeirsson, lögfræðingur, ber sig illa yfir álögum ríkisins á skotveiðimenn og vélsleða.

Af skrifum hans má ætla að vélsleðamenn séu betri Íslendingar en flestir aðrir og þeir hafi lært að elska og virða hálendið öðrum Íslendingum betur. Þetta gladdi mig og ég sá fyrir mér að þegar barátta þeirra fyrir aðgengi hinna efnaminni að hálendinu hefði borið árangur, gætu félagar mínir e.t.v. dregið af henni einhvern lærdóm til baráttu fyrir sínum hagsmunum. Við erum líka svo góðir

> Einkaflug, segir **Þorkell Guðnason,** er flug, sem engra tekna má afla með.

Íslendingar og langar til þess að njóta landsins „. . . . í takt við þau tækifæri sem tækniöld hefur fært okkur“. - En svo kom síðasta málsgreinin, og þá þyngdist heldur á mér brúnin, því greininni lýkur hann með þessum orðum:

„Ég vil í lokin nefna eitt tómstundagaman, sem ríkisvaldið hefur ekki gert sér að féþúfu, en það er einkaflugið. Verð flugvélar er ca. verð fjögurra vélsleða og eru engin aðflutningsgjöld á vélarnar, né varahlutina og álögur ríkis á eldsneyti nema um 5 aurum á lítra.“

Að fara rétt með mál

Með öðrum orðum: Einkaflugmenn hafa breið bök sem ríkisvaldið hefur, að áliti lögfræðingsins, ekki gert sér að nægri féþúfu ennþá og eru þeir því væntanlega ekki of góðir til þess að létta hans byrðar. Það má vera að ekki sé sanngjarnt af mér að ætlast til þess að hann fari rétt með, eða skilji eðli þess máls, sem hann tekur til umfjöllunar, en mér finnst þó að 10 ár ættu að vera manni með hans menntun, nægur tími til þess að átta sig á breytingu á lögum um söluskatt, sem var undanfari ákvæða, sem nú er að finna í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Einkaflugvélar

Ef lögfræðingurinn telur grasið svo miklu grænna hérna megin, veri hann þá velkominn. Ég vil aðeins vara hann við því, áður en hann söðlar um, að ný Cessna 172 flugvél, af einfaldri gerð, sem er að vísu enginn Thunder-Cat (sá kostar kr. 1.098.000 (- 15% ef árgerð 1996)), mun kosta hann sem einkaflugmann, um 12 milljónir króna með vsk. og öll aðföng til hennar, viðhaldsvinna og eldsneyti munu bera 24,5% virðisaukaskatt auk annarra gjalda. Ríkið mun síðan skylda hann til þess að kaupa alla viðhaldsvinnuna, án kostnaðareftirlits, og setja honum fyrir, hvar og hvenær hún skuli keypt. Ríkið mun einnig skylda hann til þess að kaupa varahluti sem eru á u.þ.b. tíföldu verði sambærilegra „original“ varahluta í bíla og hann mun ekki ráða hvenær skuli um þá skipt.

Notaða flugvél gæti hann e.t.v. valið úr þeim flota ca. 95 verksmiðjuframleiddra einkaflugvéla, sem ennþá eru flughæfar á öllu landinu. Þær hæfa honum þó líklega ekki, því um 95% þeirra eru eldri en árgerð 1980 og meðalaldurinn nálægt 30 árum. Ástæðan er sú að engin endurnýjun hefur orðið í mörg ár, m.a. vegna beinna ríkisálaga og óbeinna, í formi „öryggiskrafna“ og eftirlitsiðnaðar.

Í greininni er hann að rugla saman aðstæðum okkar einstaklinganna og aðstæðum sem flugskólar og flugrekstraraðilar búa við og fer samt ekki rétt með. Skilji mig enginn svo að ég telji þá aðila of sæla af sínu, en þeir reka ekki „einkaflug“ þótt það sé gjarnan nefnt því nafni þegar óhöpp verða.

Tómstundagaman

Þegar ungt fólk, sem aflar sér atvinnuflugréttinda og leggur út um 2 milljónir króna í beinan kostnað við námið, er síðan skyldað til þess að halda sér stöðugt í þjálfun, verklega og bóklega, að viðlögðum réttindamissi, skilgreini ég þá starfsemi ekki sem tómstundagaman. Uppistaðan í því sem nefnt er einkaflug, er svona flug sem engra tekna má afla með, en þarf að uppfylla ýtrustu kröfur og skyldur.

Þarna er á ferðinni grasrótin, sem m.a. tryggir samgöngur Íslendinga við umheiminn í framtíðinni. Þarna er því sjálfstæði lýðveldisins í húfi. Ég vil biðja menn um að undanskilja þessa grein ekki þegar þeir umvefja hina efnaminni umhyggju sinni, því það er ekkert tómstundagaman að kosta rekstur flugvélar til viðhalds réttinda, þó vissulega þyki okkur sumum skemmtilegt að fljúga.

Ég óska vélsleðamönnum alls hins besta og ekki síst árangurs í baráttu fyrir sínum hagsmunum, en bið þá að hyggja að framgöngu sinna manna.

Höfundur er einkaflugmaður.

Nýjar bækur

● ÚT ER komin bókin ***Fyrir dyrum fóstru.*** Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum eftir ***Helgu Kress.*** Bókin hefur að geyma sjö greinar um íslenskar fornbókmenntir, sem hafa birst í bókum og tímaritum á árunum 1977–1996.



Helga Kress

Fjalla þær allar á einhvern hátt um samband kynferðis, karlveldis og karnivals í íslenskum fornbókmenntum. Í kynningu segir: „Í formála bókarinnar segir Helga frá tilurð greinanna í bókinni og gagnrýnir jafnframt hefðbundna rannsóknasögu. Nefnir Helga titil bókarinnar í þessu samhengi enda er sú umfjöllun gott dæmi um afbyggingu Helgu á rannsóknasögunni. Sýnir Helga fram á það með bæði textafræðilegum og bókmenntafræðilegum rökum að síðasta orðið í þulu Helgu Bárðardóttur, fóstra, hafi orðið fyrir kynskiptingu í öllum útgáfum sögunnar sem út voru komnar þegar greinin var skrifuð. Greinarnar í bókinni sýna ákveðna þróun sem orðið hefur á greiningu Helgu á íslenskum fornbókmenntum á tímabilinu.“ Elsta greinin í safninu, sem eru laustengdar athuganir um karlmennsku og kvenhatur í Njálu, sker sig nokkuð úr hinum greinunum þar sem Helga gengur þar út frá höfundarhugtakinu fremur en textanum sjálfum. Það fer mest fyrir síðustu greininni í bókinni, en hana skrifaði Helga á síðasta ári. Fjallar greinin um konur, kristni og karlveldi í íslenskum fornbókmenntum. Í greininni fjallar Helga meðal annars um kristnitökuna á Íslandi og kemur fram með nýjar og byltingarkenndar kenningar, m.a. um kristnitökuna á Íslandi og þá ákvörðun Þorgeirs Ljósvetningagoða að Íslendingar skyldu kristnir verða.

Bókin er 244 blaðsíður og er gefin út á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum. Hún fæst á kynningarverði á skrifstofu Rannsóknastofunnar.

Samtökin Beinvernd stofnuð

STOFNFUNDUR landssamtakanna Beinverndar var haldinn 12. mars sl. og var fundurinn fjölmennur.

Stjórn Beinverndar skipa eftirtaldir: Ólafur Ólafsson landlæknir, formaður, Lisa Thomsen, Kvenfélagasambandi Íslands, Páll Gíslason, Félagi eldri borgara, Laufey Steingrímsdóttir, forstöðumaður Manneldisráðs, Unnur Stefánsdóttir leikskólakennari, Þórunn Björnsdóttir sjúkraþjálfari og Anna Björg Aradóttir, verkefnisstjóri Heilsueflingar. Varamenn voru kjörnir: Gunnar Sigurðsson prófessor, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, og Júlíus Valsson læknir, Gigtarfélagi Íslands.

Beinvernd hefur þegar gefið út bæklinginn Beinvernd sem fjallar um beinþynningu og áhættuþætti hennar. Áfast bæklingnum er umsóknareyðublað um aðild að Beinvernd og hægt er að nálgast bæklinginn hjá Kvenfélagasambandi Íslands og Landlæknisembættinu. Einnig mun bæklingurinn liggja frammi á heilsugæslustöðvum og í apótekum.